

## Minnisblað

**Viðtakandi:** Bæjarráð

**Efni:** Rekstur deilda Mosfellsbæjar janúar til júní 2024

**Dags:** 20. ágúst 2024

**Málsnúmer:** 202408079/-

**Sendandi:** Pétur Jens Lockton, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

### Inngangur:

Fjármála- og áhættustýringarsvið tekur ársfjórðungslega saman rekstraryfirlit málaflokka og deilda, rekstrarreikning og yfirlit yfir stöðu fjárfestinga. Rekstraryfirlit málaflokka og deilda sýnir þróun tekna, launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar samanborið við fjárhagsáætlun tímabilsins.

Rekstrarreikningur sýnir rekstur samstæðu A- og B hluta samanborið við fjárhagsáætlun tímabilsins. Fjárfestingayfirlit sýnir fjárhæð fjárfestinga tímabilsins og tekjur af gatnagerðargjöldum samanborið við fjárfestingaáætlun ársins.

Í ársfjórðungsyfirliti er ekki tekið tillit til samrekinna byggðasamlaga. Að lokinni umfjöllun í bæjarráði eru yfirlitin gerð aðgengileg á vefsíðu bæjarins auk þess sem fjárhagsupplýsingar annars ársfjórðungs ársins 2024 eru gerðar aðgengilegar á síðum fyrir opið bókhald.

### Greinargerð:

Hér verður gerð grein fyrir rekstrarreikningi samstæðu A og B hluta fyrri hluta ársins 2024.

Rekstrartekjur tímabilsins voru 11.944 m.kr. sem er í að mestu samræmi við fjárhagsáætlun. Tekjur af útsvari, fasteignagjöldum og framlög frá jöfnunarsjóðs eru í samræmi við fjárhagsáætlun.

Launakostnaður var 5.115 m.kr. sem er 2,3% meira en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Annar rekstrarkostnaður var 5.804 m.kr. sem er 1,0% minna en áætlað. Afskriftir voru 296 m.kr. sem er meira en áætlað sem skýrist af fjárfestingum síðasta árs.

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er jákvæð um 728 m.kr. sem 29 m.kr. lakari niðurstaða en áætlað.

Fjármagnskostnaður er 892 m.kr. sem eru 214 m.kr hærri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Frávikin skýrast af hærra vaxtastigi og meiri verðbólgu en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Rekstrarniðurstaða tímabilsins, með fjármagnsliðum, er því neikvæð um 182 m.kr. sem er 243 m.kr. lakari niðurstaða en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun tímabilsins.

Nánari upplýsingar um rekstur málaflokka og deilda verða veittar á fundi bæjarráðs.

Virðingarfyllt,  
Pétur Jens Lockton

### Fylgiskjal:

Yfirlit yfir rekstur málaflokka og deilda með samanburði við fjárhagsáætlun.